

# Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

á Borgum á Akureyri og í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík,  
föstudaginn 14. mars 2014, kl. 16 til 17:15.

---

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís), formaður nefndarinnar
- Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#)
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#) (varamaður Gunnlaugar Einarsdóttur)
- Hulda Proppé frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís)
- Jórunn Harðardóttir frá [Veðurstofu Íslands](#)
- Níels Einarsson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (SVS)
- Brynhildur Davíðsdóttir (fyrir Gísla Pálsson) frá [Háskóla Íslands](#) (HÍ)

og að auki:

- Þorsteinn Ingólfsson frá [utanríkisráðuneytinu](#), sendiherra Íslands í málefnum Norðurslóða (SAO - Senior Arctic Official)
- Sólrún Svandal frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Tómas Orri Ragnarsson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Jón Haukur Ingimundarson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#)
- Lára Ólafsdóttir frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (fundarritari)

Fjarverandi voru: Joan Nymand Larsen, María Harðardóttir og Þóroddur Sveinsson.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Utanríkisráðuneyti: Helstu mál á döfinni varðandi norðurslóðir
2. Norræn rannsóknáætlun um norðurslóðir
3. Fréttir frá stofnunum
4. Önnur mál

Þorsteinn Gunnarsson setti fundinn.

## 1. Utanríkisráðuneyti: Helstu mál á döfinni varðandi norðurslóði

Þorsteinn Ingólfsson kvaðst ánægður með málþingið *Ísland á norðurslóðum* sem fram fór í húsnæði HA fyrir um daginn. – Utanríkisráðuneytið tók þátt í fundi samtaka frumbyggja á norðurslóðum í Reykjavík fyrir nokkru sem tókst mjög vel. Ísland þótti hentugur fundarstaður, m.a. vegna þess hve ódýrt það þykir. – Í næstu viku verður fundur í Reykjavík í vinnuhópi utanríkisráðuneytisins um varnir gegn olíumengun á norðurslóðum (Task Force for Oil Pollution Prevention). Þarna verða SAO fulltrúar frá Rússlandi og Noregi. Rætt verður óformlega um framhald á tvíhliða samvinnu Íslands og Noregs. – Þorsteinn kvaðst núna mest upptekinn af að undirbúa stjórnafund í Norðurskautsráðinu í Yellowknife í Kanada síðar í mánuðinum. – Fundur verður síðan í vísindahópnum um eflingu og samræmingu á vísindastarfi innan Norðurskautsráðsins í Helsinki í apríl í tengslum við Arctic Science Summit Week (ASSW).

## 2. Norræn rannsóknáætlun um norðurslóðir

Þorsteinn Gunnarsson hefur ekki nýjar upplýsinga um Norrænu rannsóknáætlunina (sjá fundargerðir SUMN frá maí og nóvember 2013), en minnti á að auglýst verður eftir umsóknum þrjú til fimm öndvegissetur, sennilega framkvæmt þannig að auglýst verður eftir (pre-proposals) uppástungum 31. mars og frestur til skila á tillögum til 5. júní. Valdir verða u.þ.b. 10 hópar (consortia) sem fá styrk og þeir tilkynntir í júlí 2014. Síðan auglýst aftur seinni hluta ársins. Öndvegissetrin myndu ná yfir öll norðurslóðavísindi (raun, félags-, líf- og heilbrigðisvísindi). Öll Norðurlönd verða með nema Danmörk, en Grænland verður þó með. Bent var á aðra áætlun undir hatti norrænu ráðherranefndarinnar um norðurslóðamál, þar sem umsóknafræstur rann út 16. desember 2013. Búið að meta umsóknir og mun fundur í norrænu samstarfsnefndinni gera út um þetta í Kaupmannahöfn 23. apríl 2014.

### 3. Fréttir frá stofnunum

Tómas Orri frá utanríkisráðuneyti: Tveir fundir hafa verið haldnir í tengiliðahóp ráðherranefndarinnar, fjallað um hagsmunamat, verður stutt og hnitmiðað plagg með sér kafla frá hverju ráðuneyti; innanríkis-, utanríkis-, umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Verður kynnt á komandi hausti.

Niels frá SVS sagði frá málþinginu *Ísland á norðurslóðum* sem hann var á fyrir í dag. Góð blanda úr atvinnulífinu og vísindasamfélaginu. – Niels og Astrid Ogilvie fóru í febrúar til Bergen á fund þar sem ýtt var úr vör þriggja ára þverfaglegu verkefni ([GREENICE](#)) um afleiðingar breytinga á veðurfari, hafís og snjóþekju sem þau tvö munu vinna að næstu þrjú árin. Verkefnið er styrkt af [NORDFORSK](#). Rannsóknir verða gerðar í sjávarbyggðum á norðurhluta Íslands, Noregi og Grænlandi.– Joan Nymand Larsen fer til Yokohama í Japan síðar í mánuðinum vegna IPCC skýrslunnar.

Jón Haukur Ingimundarson frá SVS sagði frá jafnréttisráðstefnunni (Gender Equality in the Arctic) sem verður á Akureyri 29. og 30. október 2014 og er undirbúin af SVS, Jafnréttisstofu og utanríkisráðuneytinu, en ráðstefnan er m.a. verkefni Íslands innan Norðurskautsráðsins. Undirbúningsfundur var um daginn með öllum skipuleggjendum þar sem stungið var upp á ræðumönnum.

Jón Haukur (að þessu sinni með HA hattinn): Næsti ráðstefna rektora háskóla á norðurslóðum (Rectors Forum) verður á Akureyri 25.-27. maí 2014 – Þjóðlistaupþakoman [Traditions for Tomorrow](#) sem RHA, SVS og fleiri koma að verður 20.-23. ágúst 2014 á Akureyri.

Brynhildur Davíðsdóttir frá HÍ sagði efst á baugi átaksverkefnið sem hún veitir forstöðu og var formlega sett af stað í síðustu viku. Fyrst verður litið inná við í HÍ, síðar verður litið út á við. Aðalatriðið er að HÍ ætlar að verða áberandi og virkur þátttakandi í þessum málaflokki. – Verið er að stofna nýtt samnorraent meistaranám við HÍ: [West Nordic Studies, Governance and Sustainable Management](#) í samstarfi við HA og skóla í Noregi, Færeyjum og Grænlandi. – Stór ráðstefna verður við HÍ (búist við 800 manns) 13.-15. ágúst 2014: International society for ecological economics. Aðaláhersla ráðstefnunnar verður ekki á norðurslóðamál, en sérstakar lotur verða samt skipulagðar með fókusi á norðurslóðir.

Jórunn frá Veðurstofunni sagði þau, auk annarra verkefna, vera önnur kafni við umsóknaskrif, m.a. vegna [Horizon 2020](#). Erfiðlega hefur reynt að loka fjárhagsáætlun þar sem fjármagn hefur ekki fengist til margra verkefna sem reiknað var með.

Héðinn hjá Hafró sagði að þar væri einnig verið að spara eins og á fleiri stöðum. Fundur verður á Akureyri síðar í mars með bandarískum samstarfsmönnum, ásamt með Hollendingum, Norðmönnum og Bretum um áframhaldandi rannsóknir á Íslandshafi. Hugmyndin er að senda inn umsókn til NSF.

Þorsteinn frá RANNÍS sagði að hann og Hallgrímur Jónasson fari í kynnisferð til Washington með Bryndísi Brandsdóttur frá Jarðvísindastofnun og Sigrúnu Karlsdóttur frá Veðurstofunni. Heimsækja þau m.a. [US Geological Survey](#), [NOAA](#) (National Oceanic and Atmospheric Administration), National Science Foundation (NSF) og Carnegie Institution for Science/[Department of Terrestrial Magnetism](#). Markmiðið er að styrkja tengsl við þessar vísindastofnanir. Athyglið hefur verið á vísindasamstarfi í Evrópu, en mikilvægt að beina augum að Bandaríkjunum. Sérstakur fókusi verður á norðurslóðarannsóknir í þessari ferð. – Arctic Science Summit Week ([ASSW 2014](#)) verður í Helsinki í apríl og þar verða þó nokkrir Íslendingar. – Rannís stendur að Norrænu/kínversku ráðstefnunni í júní (sjá fyrri fundargerð). – Rannís mun taka þátt í Arctic Circle í Reykjavík í haust.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Næsti símafundur ákveðinn 2. júní 2014, kl. 10-12.

Fundi slitið.